

Nd.

529. Nefndarállt

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að sameina póstmeistara- og stöðvarstjóraembættið á Akureyri og Ísafirði.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er komið frá Ed. Kom þar fram frv. um að sameina þessar tvær stöður á Akureyri, en allsherjarnefnd bar fram nýtt frv., er breytti til í þeim tveim aðalatriðum, að lögín áttu að ná til Ísafjarðar líka og að þau eru gerð að heimildarlögum.

Það, sem sparast við þessa sameiningu, eru tvenn stöðvarstjóralaun þegar þar að kemur, eða 5200—7200 kr. auk dýrtíðaruppbótar, og talið er sennilegt, að á Akureyri muni þessi sameiniug komast á innan skamms, því að sagt er, að póstmeistarinn muni láta af starfanum og stöðvarstjóri muni taka að sjer bæði störfín án aukaborgunar. Á móti þessum sparnaði kemur svo það, að starfrækslan verður að öðru leyti nokkuð dýrari. Á Akureyri á að koma einn maður með launum varðstjóra í stað símrítara, en það munar 400 kr., auk uppbótar. Aukakostnað við póstafræiðsluna er ekki gott að segja um. Nú eru engir fastir aukastarismenn við þessi pósthús, en póstmeistarar borga aðstoð af skrifstofufje sínu. Nú mun manni vera borgað á Akureyri fult svo mikið sem það, sem frv. gerir ráð fyrir, en á Ísafirði nokkru minna.

Nefndin lítur því svo á, að nokkur sparnaður muni verða að þessu, ef í framkvæmd kemst, og með því að landssímastjóri og aðalpóstmeistari telja ekki ósennilegt, að sami maður gæti veitt báðum þessum stofnunum sémilega forstöðu, láti hann sjer á annað borð ant um þau bæði og þau fari fram í sama húsi, þá leggur nefndin það til, að þessi heimildarlög verði samþykkt.

Alþingi, 2. maí 1923.

Jón Þorláksson,
form.

Magnús Jónsson,
ritari og framsm.

Björn Hallsson.

Gunnar Sigurðsson.

Magnús Guðmundsson.